



Öldungaráð Hafnarfjarðar

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Ráðhúsinu

Stjórn Öldungaráðs Hafnarfjarðar fundaði mánudaginn 23. nóvember 2015 vegna umsagnarbeiðni frá bæjarráði um breytingar á „Reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli og örorkulífeyrisþegum í Hafnarfirði 2016“.

Stjórn Öldungaráðs fagnar breytingu sem leiðir til aukins afsláttar til þeirra sem eiga rétt á slíkum afslætti. Jafnframt hugnast stjórninni leið II í breytingu á reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli og örorkulífeyrisþegum í Hafnarfirði 2016, þar sem afsláttur í upphafi árs miðast við tekjur ársins 2014 og leiðréttingar verði ekki afturvirkar, hvort heldur þær eru til hækkunar eða lækkunar á þeim greiðslum sem eftir eru þegar endurskoðun fer fram að hausti. Afstaða þessi byggir á þeim tölum sem við höfum aflað okkur um fjölda þeirra sem njóta afsláttar og síðan þeim fjölda sem breyting verður hjá við endurskoðun.

Stjórn Öldungaráðs hvetur síðan bæjarráð til þess að skoða hækkun á tekjuviðmiðum sem notuð eru til grundvallar afsláttar fyrir árið 2017, hækkun umfram verðlagsþróun.

Fyrir hönd stjórnar Öldungaráðs Hafnarfjarðar

Elísabet Valgeirsdóttir